

Athugasemdir við urðunarstað Sorpsamlags Strandasýslu í landi Skeljavíkur

Ég mótmæli því að Umhverfisstofnum veiti Sorpsamlagi Strandasýslu leyfi til áframhaldandi urðunar sorps á núverandi urðunarstað í landi Skeljavíkur.

Eftirtalin atriði færí ég sem rök fyrir þessum mótmælum

1. Urðunarstaðurinn stendur hátt og er í góðu sjónmáli frá aðalveginum á meira en kílómetars kafla, það fyrsta sem menn sjá sem koma til Hól mavíkur að sunnan – sjá mynd nr 1
2. Vegurinn upp að Þiðriksvallavatni sem er náttúruperla liggur rétt meðfram urðunarstaðnum og á hlýjum dögum finnst oft leiðindalykt þar
3. Urðunarstaðurinn er mjög nálægt laxveiðiánni, Víðidalsá, og getur því augljóslega mengað ána – sjá mynd nr 2
4. Núverandi urðunarstaður er á litlu svæði og er óskiljanlegt að þetta magn af úrgangi sem talað er um, allt að 500 tonnum, geti rúmast þar með góðu móti og á umhverfisvænan hátt

Tillaga að nýjum urðunarstað


Rétt sunnan við núverandi urðunarstað er svæði sem er ósýnilegt frá vegi og öllum mannvirkjum, það liggur lágt og klettabelti beggja megin en djúp jarðvegsgjá á milli

Svæðið er í landi Strandabyggðar og er núna notað sem geymslusvæði fyrir drasl sem ekki má sjást, - sjá mynd nr 3


Hól mavík 3.júlí 2012

Sævar Benediktsson
Sævar Benediktsson Borgabraut 17, Hól mavík


Umhverfisstofnun Áb. VK GB1 SK SK
04. júlí 2012 8.14.1
Tilv. US120100100238



Urðunarstaður séður frá þjóðvegi 61



Áin er falin undir bakkanum og hér er hún
merkt með rauðri brotalinu.



Tillaga um nýjan urðunarstað sunnan við núverandi stað. Fjarri sjónmengun.